

Ráðbarður sf.
Ágúst Þorgeirsson
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

2003070031
5508; 9310

Reykjavík, 13. október 2003
/--

Efni: Vinnsla kalkþörungna í Hrútafirði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Húnaþings vestra að matsáætlun um vinnslu kalkþörungna í Hrútafirði í Húnaþingi vestra.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Ráðbarðs, ráðgjafar og verkfræðipjónustu dags. 18. júlí 2003 tillaga að matsáætlun:

Húnaþing Vestra - stýrihópur um kalkþörungavinnslu. Tillaga að matsáætlun fyrir vinnslu kalkþörungna í Hrútafirði. Unnið af Ráðbarði sf., ráðgjöf og verkfræðipjónustu fyrir Húnaþing vestra. Júlí 2003.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Húnaþingi vestra, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnuninni, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Umhverfisstofnun. Tillagan var kynnt Fornleifavernd ríkisins og veiðimálastjóra.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Húnaþingi vestra, með bréfi dags. 20. ágúst 2003, Byggðastofnun með bréfi dags. 23. júlí 2003, Hafrannsóknastofnuninni með bréfum dags. 29. ágúst og 8. október 2003, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 11. ágúst 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. ágúst 2003.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar og svör frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvubréfi dags. 25. ágúst og með bréfum dags. 27. ágúst og 11. september 2003.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í svörum framkvæmdaraðila með eftirfarandi athugasemdum:

Framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir og upplýsingar um framkvæmdasvæði

Í köflum 1 og 2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaða framkvæmd og framkvæmdasvæði. Í matsskýrslu þarf að fjalla um og gera grein fyrir áætluðu heildarmagni kalkþörungasetts á fyrirhuguðum vinnslusvæðum og hvert sé hlutfall þess magns miðað við heildarmagn í Hrútafirði og þekkt magn á landsvísu. Á sama hátt þurfa að koma fram upplýsingar um yfirborðsflatarmál áætlaðra vinnslusvæða í samanburði við heildaryfirborðsflatarmál kalkþörungasvæða í Hrútafirði og þekkta útbreiðslu á landsvísu.

Í matsskýrslu þarf að koma fram á yfirlitsupprætti og í textaumfjöllun skipting fyrirhugaðs vinnslusvæðis, sem samkvæmt svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er um 1,9 km², í nýtingarsvæði, nákvæm staðsetning þeirra og skráning og fyrirhuguð tímasetning á efnistöku á hverju þeirra. Gera þarf grein fyrir þykkt setlaga og fínefnahlutfalli á fyrirhuguðum nýtingarsvæðum, dýpt og ummáli fyrirhugaðra gryfja og nánari tilhögun við efnistöku þar með talið efnistökulotum sem getið er um í kafla 1b í tillögu að matsáætlun.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um mat á umhverfisáhrifum, umfang og áherslur. Í matsskýrslu þarf að fjalla um verndargildi kalkþörunganna í ljósi endurnýjunarhraða þeirra og meta þarf sérstöðu botndýralífs á kalkþörungasvæðum í Hrútafirði í samanburði við kalkþörungasamfélög í öðrum fjörðum á Íslandi, t.d. í Arnarfirði. Skipulagsstofnun bendir á að við val á tækjabúnaði til sýnatöku vegna botndýrlífs þurfi að hafa samráð við Hafrannsóknastofnun.

Í kafla 3b í tillögu að matsáætlun kemur fram að tímabundið grugg muni hugsanlega hafa áhrif á fiskgengd og í kafla 3c ii kemur fram að lagt verði mat á möguleg áhrif gruggs á lífríki, fiskigengd og nytjar. Skipulagsstofnun telur að umfang áhrifasvæðis fyrirhugaðar framkvæmdar ráðist af útbreiðslu gruggs og að í matsskýrslu þurfi að sýna áætlað áhrifasvæði á upprætti. Fjalla þarf ýtarlega um áhrif gruggs á lífríki, s.s. fisk, fugla og lífríki fjöru, innan þess áhrifasvæðis sem skilgreint verður í matsskýrslu að fyrirhuguðum rannsóknnum loknum.

Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir vöktunaráætlun sem miðar að því að fylgjast með útbreiðslu fínefna/gruggs í kjölfar efnistöku og áhrifum þess á lifandi yfirborðslag kalkþörunganna utan nýtingarsvæða og botndýralíf þeirra. Ennfremur þarf að koma fram í vöktunaráætlun í matsskýrslu að fylgst verði með umfangi vinnslustaða eftir hvert vinnsluár og að athugað verði hvort og með hvaða hætti efnisgryfjur fyllast á nýjan leik, hve hratt það gerist og hvort kalkþörungarnái þar fótfestu á nýjan leik.

Afrit: Húnaþing vestra, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnunin, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og Umhverfisstofnun.